

Firminatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903 um verðlanaskrár, firmu- og prókúrumboð, hafa eptirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verðlanarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Firmað «Hlutfjelagið Reykjavík» gefur út vikublaðið »Reykjavík«. Heimili fjelagsins er Reykjavík. Fjelagslögin samþykkt 2. janúar 1903. Stjórn fjelagsins eru kaupmennirnir D. Thomsen, Ben. S. Þórarinnsson og Thor Jensen og varamaður Jes Zimsen. Stjórnin ein hefur heimild til að skuldbinda fjelagið og rita firmað. Höfuðstóll hlutfjárins er 2950 kr. og skiptist í 118 hluti, hvern 25 kr., er hljóða upp á nafn og eru allir greiddir. Birtingar til fjelagsmanna þarf ekki að setja í opinbert blað.
2. Þorvarður Þorvarðarson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson prentarar, allir til heimilis í Reykjavík, tilkynna, að hlutfjelagið »Gutenberg« reki prentið og taki að sjer öll prentsmiðjustörf. Samþykktirnar eru dagsettar 12. ág. 1904. Í stjórn fjelagsins eru: Þorvarður Þorvarðarson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson. Aðeins undirskript þeirra allra í sameiningu er gild. Höfuðstóllinn er 6000 kr.; má auka hann upp í 10,000 kr. Hann skiptist í hluti, að upphæð 300 kr., 20 hlutir eru greiddir. Hlutirnir hljóða upp á handhafa. Birtingar til fjelagsmanna þarf eigi að setja í opinber blöð.
3. Emanuel Frederik Saust og Georg Christian Jeppesen í Reykjavík tilkynna, að þeir reki þar í fjelagi bakaraíðn undir firmanafninu: »E. F. Saust & G. Chr. Jeppesen með jafnri hlutdeild í ágóða og skaða, og hafa þeir einn fyrir báða og báðir fyrir einn ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans. Samþykkt firmans er dagsett 30. janúar 1905. Þeir geta ritað hvor fyrir sig firmað með fullri ábyrgð þannig: E. F. Saust & G. Chr. Jeppesen.
4. Frú Þórunn Jónassen, frú Katrín Magnússon og frú María Ámundason, allar til heimilis í Reykjavík, tilkynna, að kvennfjelag það, er nefnist »Thorvaldsensfjelagið«, reki þar verðlun undir firmanu »Bazar Thorvaldsensfjelagsins«. Lög fjelagsins eru dagsett 17. marz 1901. Í stjórn eru: frú Þórunn Jónassen, frú Katrín Magnússon og frú María Ámundason. Stjórnarmeðlimir rita firmað í sameiningu eða hver í sínu lagi. Sjóður fjelagsins var við árslok 1904 kr. 4873,99. Hver fjelagskona greiðir 2 kr. árstíllag í fjelagssjóð. Fjelagskonur hafa enga ábyrgð á skuldum fjelagsins. Birtingar til fjelagskvenna þarf eigi að setja í opinber blöð.
5. Eðvald Friðriksson Möller rekur sápugjörð og annan kemiskan verksmiðjuíðnað í Reykjavík með firmanafninu: »Sápuverkið í Reykjavík«. Undirskript: Eðvald F. Möller.

6. Hlutfjelagið »Steinar« í Reykjavík rekur þá atvinnu að steypa steina úr sandi og cementi til húsagjörðar. Hlutfjelð er 8000 kr., er skiptist í 40 hluti að upphæð 200 kr. hver, sem hljóða uppá handhafa. Hlutfjelð er að fullu greitt. Stjórn fjelagsins má auka hlutfjelð upp í 12,000 kr. Fjelaginu stjórnar þriggja manna nefnd p. t. Jón Þorláksson ingeniör, Eggert Briem skrifstofustjóri og Magnús Blöndahl snikkari, Halldór Jónsson gjaldkeri vara-
maður. Auglýsingar til fjelagsmanna skal birta í blaði því, er flytur stjórn-
valdaauglýsingar. Lög fjelagsins voru samþykkt á stofnfundi 27. jan. 1905. Heimild til að rita firmað hefir aðeins stjórnin í heild sinni.
7. Eðvarð Ásmundsson (frá Ísafirði) rekur gosdrykkagjörð hjer í Reykjavík undir firmanafninu »Gosdrykkjaverksmiðjan Geysir« í Reykjavík. Eigandi og prókúruhafi geta hvor um sig ritað firmað.
Prókúruhafi er: Casper Hertervig í Reykjavík.
8. Gunhild Thorsteinsson og Helga Thorsteinsson reka í fjelagi ljósmyndaiðn og verzlun með ýmislegt að þeirri iðn lútañdi í Reykjavík undir firmanafninu »Gunhild Thorsteinsson & Co.« Firmanafnið rita þær hvor fyrir sig með fullu gildi og fullri ábyrgð. Undirskript: Gunhild Thorsteinsson & Co.
9. Firmað H. P. Duus tilkynnir, að verzlunarstjórnir A. E. Ólafsson og H. P. Petersen hvorum fyrir sig sje veitt heimild til sem prókúruhöfum að rita nafn firmans.
10. Jón Halldórsson, Jón Ólafsson og Sigurjón Ólafsson snikkarar í Reykjavík, tilkynna, að þeir hafi stofnað með sjer fjelag til þess, undir firmanu »Sigurjón Ólafsson & Co.« að reka snikkaraiðn — sjerstaklega húsgagnasmiði — með útsölu á því, er að iðn þessari lýtur. Fjelagsmenn eru Jón Halldórsson, Jón Ólafsson og Sigurjón Ólafsson, allir með ótakmarkaðri ábyrgð. Aðeins undirskript allra fjelagsmanna í sameiningu er gild. Undirskriptin er:
Sigurjón Ólafsson & Co.
Jón Halldórsson. Jón Ólafsson. Sigurjón Ólafsson.
11. Sápuverk það, sem cand. phil. Eðvald F. Möller hefir rekið að undanfögnu hjer í Reykjavík, er frá 1. Júlí 1905 orðið hlutfjelag. Hlutfjelagið »Sápuverkið Reykjavík. Kemisk verksmiðja« starfar að sápugerð, feitibraeðslu og tólgargerð, blek, litar, og lakkgerð, og hefir útsölu á hendi af samskonar útlendum iðnaði. Hlutfjel er 6000 krónur í hlutum upp á 200 kr., er hljóða á nafn og geta gengið kaupum og sölum; af þeim er selt 70 %.
- Stjórn fjelagsins hefir á hendi: Formaður Gunnar Einarsson kaupmaður, varaformaður Lárus prestur Benediktsson, báðir í Reykjavík, og kaupmaður Ólafur Árnason á Stokkseyri. Verkstjóri er Eðvald F. Möller cand. phil., reikningshaldari Einar Gunnarsson cand. phil., báðir í Reykjavík. Verkstjóri og reikningshaldari skrifa firmanafnið hvor um sig við daglegan rekstur, en til lántöku og þýðingarmeiri athafna skrifar formaður, eða í hans forföllum varaformaður ásamt reikningshaldara firmanafnið.
12. Verzlunarfjelagið »Vörnin« í Reykjavík rekur víðarverzlun. Að eins öll stjórnin ritar firmað, þó ekki fyrir meiru en 40,000 kr., nema allir fjelags-

130

menn veiti samþykki sitt. Í stjórninni eru þrír fjelagsmenn þeir Eyvindur Árnason, Haraldur Möller og Ásmundur Gestsson. Fjelagsmenn eru þessir og með ótakmarkaðri ábyrgð: Kristján Teitsson, Árni Jósefsson, Guðmundur Gíslason, Eyjólfur Ófeigsson, Kristján Sigurðsson, Ólafur Jónsson, Guðmundur Hallsson, Jóhannes Jósefsson, Ermenrekur Jónsson, Þorbjörn Sveinbjarnarson, Guðmundur Brynjúlfsson, Tryggvi Árnason, Árni Sæmundsson, Sigurður Þórðarson, Einar Sveinsson, Helgi Helgason, Sólmundur Kristjánsson, Kristinn Jónsson, Guðni Oddsson, Þórður Narfason, Eyvindur Árnason, Daníel Þorsteins-son, Steingrímur Guðmundsson, Ásmundur Gestsson, Vilhjálmur Ingvarsson, H. L. Möller, Guðm. Pjetursson, Guðlaugur Torfason og Jón Björnsson, allir til heimilis í Reykjavík.

Undirskriptin er:

pr. Verzlunarfjlagið »Vörnin«.

Eyv. Árnason.

Ásmundur Gestsson.

H. L. Möller.

II. Árnessýsla.

Verzlunarfjlagið »Hekla« rekur verzlun á Eyrarbakka. Lög fjelagsins eru dagsett 15. okt. 1904. Stjórn þess er hjá aðalfundi hluthafanna og verzlunar- stjóra, sem hefir framkvæmdarvald og undirritar firmað. Hluthafar ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn lánsfje allt að 60 þúsund krónum, en leggja ekki tillög í fjlagið. Heimild til að rita firmað hefir Kristján Jóhannesson.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Stjórn hlutafjelagsins »Ólafsvíks Handel« tilkynnir, að fjelagsstjóri Holger Adolph sje farinn frá, en herra Ólafur Benjamínsson orðinn framkvæmdar- stjóri fjelagsins í hans stað, og að herra verzlunarstjóri Carl F. Proppé sje hættur að veita verzluninni í Ólafsvík forstöðu en sú staða sje fengin í hend- herra Jóni A. Proppé. Jafnframt er herra verzlunarstjóra Jóni A. Proppé veitt prókúruumboð.
2. Stjórn hlutafjelagsins »N. Chr. Grams Handel« tilkynnir, að verkfræðingur Einar Adolph sje genginn úr stjórn fjelagsins og að stórkaupmaður Holger Adolph sje valinn í stjórnina í stað hans.

Holger Adolph hefir slept stöðunni sem framkvæmdarstjóri fjelagsins, en Ólafur Benjamínsson hefir tekið við henni.

Framkvæmdarstjóra Ólafi Benjamínssyni veitist prókúruumboð, og aðal- umboð stórkaupmanns Holger Adolphs er upphafið.

Jafnframt veitist verzlunarstjóra Jóni A. Egilsen í Stykkishólmi prókúruumboð.

Ísafjarðarsýsla- og kaupstaður.

1. Sigríður Maren Ásgeirsson og Ásgeir Guðmundur Ásgeirsson til heimilis í Kaupmannahöfn reka verzlun á Ísafirði ásamt útibúi á Suðureyrarmölum í Súgandafirði með firmanu Á. Ásgeirsson.

2. Samkvæmt samþykkt 15. maí 1903, rekur Aktieselskabet N. Chr. Grams Handel verzlun á Þingeyri með útbúi í Haukadal. Í stjórn eru: Carl Johan Adolph, Einar Adolph, Frantz Thestrup Adolph Frederik Grüner og August Viggo Raaschau, allir í Kaupmannahöfn. Tveir úr stjórninni rita firmað í sameiningu. Aðalumboð hefir Holger Adolph í Kaupmannahöfn og prókúruumboð F. R. Wendel á Þingeyri og Matthías Ólafsson í Haukadal. Höfuðstóllinn er 167,000 kr. í 1,000 kr. hlutabréfum greiddum að fullu. Tilkygningar til hluthafa birtist í »Nationaltidende« í Kaupmannahöfn.
3. Samkvæmt samþykkt 30. maí 1898 rekur »Hlutafjlagið Ísgeymslufjelag Dýrfirðinga« í Haukadal sildveiði sildar- og ísverzlun. Í stjórn eru Matthías Ólafsson, formaður, Elías Arnbjörnsson, báðir í Haukadal og F. R. Wendel á Þingeyri.

Undirskript formanns er gild í venjulegum daglegum viðskiptum, en þegar um stærri viðskipti eða ráðstafanir er að ræða skal öll stjórnin rita undir. Höfuðstóll 4,025 kr., skipt í 161 hluti á hluthafa greiddir að fullu.

4. Samkvæmt samþykkt 14. marz 1896, rekur »Sparisjóður Vesturísafjarðarsýslu« venjuleg sparisjóðsstörf á Þingeyri. Í stjórn eru: F. R. Wendel, formaður, Jóhannes Ólafsson, gjaldkeri og A. Fjeldstedt, allir á Þingeyri. Heimild til undirskriptar hafa gjaldkeri, eða annar hinna forstjóranna ásamt einum ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmenn skulu vera minnst 20 menn, búsettir í Vesturísafjarðarsýslu og stendur hver þeirra í ábyrgð fyrir 100 kr.
5. Stjórn Aktieselskabet N. Chr. Grams Handel tilkynnir, að aðalumboð Holgers Adolph sje upphafið, að Einar Adolph sje farinn úr stjórn þess, en í hans stað kominn Holger Adolph, að Holger Adolph ásamt einhverjum öðrum úr stjórninni skrifi firmað, að upphafið sje prókúruumboð F. R. Wendels, en þeir herrar fjelagsstjóri Ólafur Benjamínsson í Kaupmannahöfn og verzlunarstjóri Carl F. Proppé á Þingeyri hafi prókúruumboð.
6. Leonhard Tang og Harald Tang til heimilis í Kaupmannahöfn reka verzlun meðal annars á Ísafirði með firmanu Leonh. Tang & Søn. Prókúruumboð hefir Árni Riis í Kaupmannahöfn.
7. Stjórn hlutafjlagsins »Bökunarfjelag Ísfirðinga« tilkynnir, að það reki bakaraíðnað á Ísafirði. Í stjórn eru Magnús Ólafsson, formaður, Steinn Ólafsson, gjaldkeri, og Sigurður Jónsson. Firmað ritar innan Ísafjarðarsýslu meiri hluti stjórnarinnar, en utansýslu hver stjórnandi fyrir sig. Höfuðstóll er 10,000 kr. skipt í 400 hlutabréf á 25 kr. hvert, er hljóða á nafn, en innborgaðar eru 1400 kr.

V. Strandasýsla.

2. Richard Peter Riis rekur verzlun á Borðeyri og á Hólmavík undir firmanu R. P. Riis.

VI. Skagarfjarðarsýsla.

1. Hlutafjlagið »Íshúsfjlagið á Sauðárkrók« rekur vanalegt starf íshúsa. Fjlagið er stofnað 1899. Í stjórn fjlagsins eru: Chr. Popp, Stephan Jónsson

- 130** og V. Claessen. Rjett til að rita firmað hefir Chr. Popp. Stofnfje 3,326 kr. 76 au., skipt jafnt í þrjá hluti, er hljóða á nafn og eru greiddir að fullu.
2. Hlutaðfjlagið »Gardyrkjufjelag Seiluhrepps« rekur jarðyrkjurækt í Seiluhreppi. Samþykktirnar eru gerðar 4. febr. 1904. Í stjórn fjelagsins eru Chr. Popp, Tobías Magnússon og Jóhann Sigurðsson. Rjett til að rita firmað hefur Chr. Popp. Stofnfje 4,000 kr., skipt í 20 hluti að upphæð 200 kr. hver, og hljóða þeir upp á nafn. Af hverjum hlut eru greiddar 125 kr., en 75 kr. borgast innan ársloka 1905. Hluthöfum sendast sjerstakar tilkynningar.
 3. Nokkrir menn reka sparísjóð á Sauðárkrók undir firmanafninu »Sparísjóður Sauðárkróks« og bera þeir ábyrgð á skuldum sjóðsins þannig: 1 með 300 kr., 1 með 250 kr., 1 með 200 kr. og hinir með 100 kr. hver. Meðlimatalan er breytileg. Í stjórn sjóðsins eru Árni Björnsson prestur og Stephan verzlunarstjóri Jónsson, og rita þeir báðir í sameiningu firmað. Samþykktir eru frá 10. júní 1886 og endurskoðaðar frá 19. febr. 1901.
 4. Pjetur Sighvatsson og Steindór Jónsson reka verzlun á Sauðárkrók undir nafninu »Verzlunin Drangey«. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum fjelagsins, og hefir hvor fyrir sig rjett til að rita firmað. Fjlagið er stofn- að 12. nóv. 1904.

VII. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.

1. Jón Bergsson og Guðmundur Jörundsson búandi í Hrisey reka þar í fjlagi verzlun og sjávarútveg undir firmanafninu: J. Bergsson & G. Jörundsson. Firmanafnið ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.
2. Guðlaugur Sigursson og Valdimar Gunnlaugsson, búandi á Akureyri, reka þar í fjlagi verzlun, skósmíði og sjávarútveg undir firmanafninu Guðl. Sigurðsson & V. Gunnlaugsson. Firmanafnið ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.
3. Jón Guðmundsson og Sigurður Bjarnason, báðir til heimilis á Akureyri, reka þar í fjlagi verzlun undir firmanafninu: »J. Guðmundsson & S. Bjarnason«. Firmanafnið ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.

VIII. Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Firmað reknetafjlagið »Beitusildin« er ábyrgðarlaust hlutaðfjlag, sem stundar reknetaveiðar með sjerstöku tilliti til þess að afla sildar til beitu. Í stjórn fjelagsins eru Þorsteinn kaupmaður Jónsson, Árni hreppstjóri Steinsson og Óli útvegsbóndi Ólafsson, allir til heimilis á Bakkagerði í Borgarfirði, og þarf undirskript þeirra allra til þess að skuldbinda fjlagið. Hlutaðfjeð er 4000 kr., skipt niður á 160 hlutabref á 25 kr., er hljóða uppá handhafa, og er það að fullu innborgað. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í blað á Seyðisfirði. Heimili fjelagsins er Bakkagerði í Borgarfirði. Lög fjelagsins eru frá árinu 1904. Þorsteinn Jónsson hefir prókúruumboð.
2. Kaupmennirnir Þórarinn Guðmundsson, Stefán Th. Jónsson, Sigurður Jónsson og pöntunarfjelagsstjóri Jón Stefánsson, allir til heimilis á Seyðisfirði, og

verzlunarstjóri Helgi Björnsson á Bakkagerði í Borgarfirði, reka verzlun á **130** Borgarfirði með firmanafninu »Helgi Björnsson & Co.«, allir með fullri ábyrgð, og taka jafnan þátt í ágóða og skaða af fyrirtækinu. Fjórir hinir fyrstnefndu eru í stjórn þess, en Helgi Björnsson framkvæmdarstjóri á Borgarfirði og prókúruhafi. Undirskriptir tveggja úr stjórninni þarf til þess að skuldbinda fjelagið, sem hefir lögheimili og varnarþing á Seyðisfirði. — Lög fjelagsins eru dagsett 29. apríl 1905.

IX. Suðurmúlasýsla.

1. Hlutfjelagið »Det islandske Hvalfangerselskab« rekur hvalveiðar frá Svínaskálastekk í Reyðarfirði og hagnýtir sjer þar veiðina. Samþykktir eru gerðar 29. nóvbr. 1896. Í stjórn fjelagsins eru: Adm. Direktör Ásgeir Guðmundur Ásgeirsson til heimilis í Gentofte. — Stjórnarráð: 1) Nathan Heine formaður, 2) Emmerich Mathias Ludvig Möller, 3) Waldemar Holm. — Direktör eða formaður stjórnarráðsins rita firmað hver fyrir sig. Höfuðstóll er 280,000 kr. í hlutum uppá 4000 kr., er hljóða á nafn. 25 % innborgað $24/12$ 1896; afgangur, er stjórnin krefst þess. — Birting í Statstidende í Köbenhavn.
2. Hlutfjelagið: »Island, Hval-Industri Aktieselskab« hagnýtir sjer hvalaafurðir af hvölum, sem þeir kaupa á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð. Samþykktir eru gjörðar $24/3$ 1903 og $16/2$ 1904. Stjórnandi: Heinrich Grehmann, sem ritar firmað. Prókúru hefir Þórarinn Erlendur Tulinius. Höfuðstóll er 100,000 krónur í hlutum uppá 200 kr., er hljóða á handhafa, event. nafn; er hann allur innborgaður. Firmað er búsett í Köbenhavn og á Fögrueyri Birting í Berl. Tidende eða öðru dagblaði í Köbenhavn.

Auglýsing

131

frá *skráritara vörumerkja í Reykjavík* um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1905.

Skrás. 1905 nr. 1. Tilkynnt 26. apríl 1905 kl. 5₁₅ sídd. af *E. F. Dan*, þakpappagerðarmanni í *Nakskov* í Danmörku, og skrásett 28. s. m.

Lýsing á merkinu: Víkingur á hestbaki, sem með hægri hendinni stjórnar hestinum, en í hinni vinstri heldur á lúðri, er hann blæs í. Við hlið hans hangir kringlóttur skjöldur; eru á skildinum 18 deplar, sem skipt er í 3 þríhyrninga, en hverjum þríhyrningi í 3 raðir, og 3, 2 eða 1 depill í hverri röð.

Merkið er samkv. tilkynningu, dags. 3. apríl 1901, skrásett í Kaupmannahöfn 29. s. m.